

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það, sem hér er fjallað um, er ný sönnun um gjaldþrot viðreisnarstefnunnar svonefndu. Takmark hennar var að stöðva verðbólguna, draga úr viðskipta- og verðlagshöftum, léttu skatta af almennum launatekjum og draga úr skuldasöfnun við útlönd. Allt hefur þetta mistekizt.

Verðbólgan hefur aldrei aukizt meir en á viðreisnartímabilinu, eins og sjá má á því, að á áratugnum 1950—59 hækkaði verðlagið samkv. vísitölu vöru og þjónustu um 122%, en á áratugnum 1960—69 um 250%.

Aldrei hefur verið gripið hérlendis til stórkostlegru verðlagshatta en þeirra, sem felast í þessu frv. Þannig hefur viðreisninni tekizt að losa viðskiptalíf landsmanna úr viðjum haftanna!

Skattar hafa aldrei verið hærri á almennum launatekjum en nú, sökum þess að skattvísitalan hefur alveg verið slitin úr samhengi við framleiðslukostnaðinn. Neyzlu-skattar hafa aldrei verið hærri.

Skuldirnar við útlönd hafa margfaldazt, og sést það bezt á því, að greiðslubyrðin vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum nam 16.9% af heildargjaldeyrstekjunum 1969, en ekki nema 8.4% árið 1959, og töldu sérfræðingar hana samt of mikla þá.

Alvarlegast af öllu er þó vafalaust það, að mikil stöðnun hefur ríkt á sviði atvinnuveganna. Þess vegna hafa þeir ekki reynzt færir um að taka á sig teljandi kauphækkunar, nema þær fengjust jafnóðum bættar með tilsvarendi verðhækkunum. Afleiðingin hefur orðið sú, að kaupmáttur daglauna er nú lítið eða ekkert meiri en fyrir 10 árum, enda þótt hann hafi aukizt um 30—40% í ýmsum nágrannalanda okkar, þar sem framför atvinnuveganna hefur gert það mögulegt, að kaupið hækkaði án tilsvarendi verðhækkana.

Fram undan er mikill verðbólguvöxtur fyrirsjáanlegur að óbreyttri stjórnarstefnu. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er reynt að stöðva hann um stundarsakir með því að grípa til verðstöðvunar fram til 31. ágúst 1971, eða fram yfir næstu alþingiskosningar. Bersýnilegt er, að verðstöðvun getur ekki haldizt öllu lengur, ef hún á ekki að hafa neikvæð áhrif og gera ástandið enn verra en það þó er. Þess vegna verður tafarlaust eftir kosningarnar að grípa til alveg nýrra ráðstafana, ef ekki á að hefjast hér að nýju tímabil gengisfellinga og annarra neyðarráðstafana, eins og varð hér eftir verðstöðvun ríkisstjórnarinnar fyrir kosningarnar 1967.

Þar sem augljóst er, að ekki er nú þingmeirihluti fyrir raunhæfum aðgerðum, mun Framsóknarflokkurinn styðja það, að verðstöðvun verði reynd á umræddu tímabili. Hann áréttar jafnframt, að hér er ekki um neina lausn vandans að ræða, heldur aðeins stundarfrest, sem getur reynzt hættulegur, ef ekki verður strax hafizt handa um aðrar raunhæfari aðgerðir að kosningunum loknum.

Inn í þetta frumvarp um verðstöðvun hefur verið blandað ýmsum óskyldum atriðum, eins og skerðingu á þeim dýrtíðarbótum, er felast í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda frá s. l. sumri. Það er í senn rangt og hættulegt, að Alþingi rjúfi þannig kjarasamninga. Slíkt getur hæglega leitt til alvarlegra átaka á vinnu-markaðnum. Við gerð samninganna í sumar náðist sá mikilvægi árangur, að samið var til lengri tíma en áður hefur verið venja. Telja má víst, að verkalýðssamtökin verði ófáanleg til að semja til nema stutts tíma í einu, ef þau eiga á hættu, að Alþingi rjúfi gerða samninga milli þeirra og atvinnurekenda. Kjarasamningar hætta þá að hafa nokkurt raunverulegt gildi.

Í samræmi við þetta leggjum við til, að felldar verði úr frv. þær greinar, sem breyta gerðum samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Svo röng og skaðleg teljum við umrædd ákvæði frv., að við munum greiða atkvæði gegn því, ef þau fást ekki felld niður. Í gildandi lögum hefur ríkisstjórnin líka heimild til verðstöðvunar og hefur þegar notað hana. Verðstöðvunin getur því haldizt, þótt þetta frv. verði fellt.

Þá leggjum við til, að ákvæði það um launaskatt, sem er í frv., verði fellt niður, þar sem óeðlilegt er að leggja á nýja skatta, meðan fjárlagaafgreiðslunni er svo skammt komið, að ekki er fullséd, hvort þeirra er þörf.

Samkvæmt þessu munum við flytja á öðru þingskjali breytingartillögur um, að 2., 4. og 5. grein frv. falli niður. Ef þær breytingartillögur verða samþykktar, munum við greiða atkvæði með frv., en að öðrum kosti á móti því í samræmi við það, sem áður er rakið.

Alþingi, 11. nóv. 1970.

Þórarinn Þórarinsson,
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.